



Borgarráð

Döllugata 8, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Birgi Frey Ólafssyni kt. 160279-4359 og Guðrúnu Jónsdóttur kt. 210980-3269, Þorláksgaísla 3, 113 Reykjavík, lóð og byggingarrétti fyrir einbýlishús að Döllumötu 8 allt að 345 fermetra að stærð. Heildarverð byggingarréttarins er kr. 11.766.000.- þar af er gatnagerðargjald, miðað við 345 fermetra hús, kr. 10.522.155.- Greitt er fyrir byggingarréttinn kr. 1.243.845.-

Greidda skal söluverð byggingarréttarins innan 45 daga frá samþykki borgarráðs á lóðauðhlutun þessari.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreint er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt þeirri gjaldskrá sem þá gildir. Ef byggingarréttur á lóðinni eykst eða samþykkt er breytt húsagerð áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að endurskoða söluverð byggingarréttar á lóðinni og/eða innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt.

Tengigjald fráveitu er áætlað kr. 396.986.- fyrir hverja lóð miðað við byggingavísitölu maí mánaðar og annast Orkuveita Reykjavíkur/Veitur ohf. innheimtu gjaldsins.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. grein 1.14 í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá júní 2013.

Framsál byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið leigusamningur um lóðina nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs. Um skilyrði til framsals lóða og fyrir gerð lóðarleigusamnings vísast til greina 6 og 8 í almennum reglum um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðarinnar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Að öðru leyti en að framan greinir gildir um lóðirnar tilvitnaðar almennar reglur um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík og almennir lóða og framkvæmdaskilmálar frá því í júní 2013 og deiliskipulagsskilmálar fyrir lóðir í Reynisvatnsáasi. Allir þessir skilmálar eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Lóðarhafar hafa kynnt sér umrædda skilmála með umsókn sinni í umræddan byggingarrétt. Lóðarhafi getur ekki skilað lóð aftur til Reykjavíkurborgar. Lóðarleigusamningur verður gerður þegar lóð er greidd. Hann mælir nánar fyrir um stærð og fyrirkomulag lóðar og kvaðir á henni.

Hrólfur Jónsson

